

PLÚTÓ 14074

(1338531-1687)



Frá Hvanneyri, Andakíl
Fæddur 17. nóvember 2014
Ræktandi Grímshagi ehf.

FÖÐURÆTT

F **Toppur 07046**
Ff Hersir 97033
Fm Toppa 276, Kotlaugum
Fff Þyrnir 89001
Ffm Rifa 256, Birtingaholti 4
Fmf Punktur 94032
Mmm Tugga 160, Kotlaugum

MÓÐURÆTT

M Urður 1229
Mf Laski 00010
Mm 1139
Mff Smellur 92028
Mfm Lubba 177, Dalbæ
Mmf Stígur 97010
Mmm 046

LÝSING/UMSÖGN

Rauðskjöldóttur, smáhnýflóttur. Frekar boldjúpur en útlögur í tæpu meðallagi og yfirlína aðeins veik. Meðalbreiðar malir, beinar og þaklaga. Fótstaða góð og sterkleg en eilítið nán um hækla. Fremur háfættur og gerðarlegur gripur. Meðalvaxtarhraði 726 g/dag.

UMSÖGN UM MÓÐUR

Urður 1229 er fædd í nóvember 2007. Dökkkolótt, krossótt, kollótt. Í árslok 2015 var hún búin að mjólka í 6,0 ár, að meðaltali 10.929 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 2,97% sem gefur 324 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 2,99% sem gefur 327 kg af mjólkurfitu eða 651 kg af verðefnum á ári að jafnaði. Línulegt mat fyrir hæð = 8.

Ábendingar v/skyldleika: Plútó ætti ekki að nota á dætur eða sonardætur Hersis 97033, Laska 00010 eða Úranusar 10081. Plútó er nokkuð skyldur afkomendum Þyrnis 89001, Smells 92028, Punktis 94032 og Baugs 05026.

Nafn og nr. móður: **Urður 1229**

KYNBÓTAMAT

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
135	86	84	113	106

ÚTLITSDÓMUR

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
86	18	17	18	5

SLAGUR 14082

(1524461-0539)



Frá Syðri-Bægisá, Öxnadal
Fæddur 21. desember 2014
Ræktandi Helgi B. Steinsson

FÖÐURÆTT

F **Toppur 07046**
Ff Hersir 97033
Fm Toppa 276, Kotlaugum
Fff Þyrnir 89001
Ffm Rifa 256, Birtingaholti 4
Fmf Punktur 94032
Mmm Tugga 160, Kotlaugum

MÓÐURÆTT

M Steypa 465
Mf Ári 04043
Mm Suða 400
Mff Stígur 97010
Mfm Hönk 213, Stóra-Ármóti
Mmf Laski 00010
Mmm Stássa 304

LÝSING/UMSÖGN

Dökkkolbaugóttur, leistöttur, stórhnyflóttur. Frekar bolgrunnur með góðar útlögur en aðeins veika yfirlínu. Malir fremur grannar og þaklaga en beinar. Fótstaða bein, rétt og sterkleg. Mjög háfættur, vel gerður og ræktarlegur gripur. Meðalvaxtarhraði 702 g/dag.

UMSÖGN UM MÓÐUR

Steypa 465 var fædd í september 2011. Dökkkolótt, huppótt, kollótt. Þegar hún var felld í lok júlí 2015 vegna áfalla við burð var hún búin að mjólka í 1,8 ár, að meðaltali 7.533 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,45% sem gefur 260 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,40% sem gefur 331 kg af mjólkurfitu eða 591 kg af verðefnum á ári að jafnaði. Línulegt mat fyrir hæð = 8.

Ábendingar v/skyldleika: Slag ætti ekki að nota á dætur eða sonardætur Hersis 97033 eða Ára 04043. Slagur er nokkuð skyldur afkomendum Þyrnis 89001, Laska 00010, Punktis 94032, Stígs 97010, Stássa 04024, Stíls 04041 og Baugs 05026.

Nafn og nr. móður: **Steypa 465**

KYNBÓTAMAT

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
123	96	94	110	121

ÚTLITSDÓMUR

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
85	17	16	19	5

VOÐI 14086

(1464111-0501)



Frá Ytri-Hofdölum, Skagafirði

Fæddur 24. desember 2014

Ræktandi Halldór Jónasson

FÖÐURÆTT

F **Húni 07041**
 Ff Laski 00010
 Fm Aldís 176, Hóli
 Fff Smellur 92028
 Ffm Lubba 177, Dalbæ
 Fmf Soldán 95010
 Fmm Algebra 126, Hóli

MÓÐURÆTT

M Skriða 536
 Mf Búi 1524091-0448
 Mm Hildur 466, Skriðu
 Mff Stígur 97010
 Mfm Búbót 289, Skriðu
 Mmf Bauti 05002
 Mmm Þrá 374, Skriðu

LÝSING/UMSÖGN

Rauðskjöldóttur, kollóttur. Boldjúpur og útlögmikill með eilítið veika yfirlínu. Malir fremur grannar, þaklaga og aðeins hallandi. Aðeins hokin og nánin fótstaða en annars sterkleg. Í góðu meðallagi háfættur og sterklega gerður myndargripur. Meðalvaxtarhraði 818 g/dag.

UMSÖGN UM MÓÐUR

Skriða 536 er fædd í apríl 2009 á Skriðu í Hörgárdal. Rauðskjöldótt, kollótt. Í árslok 2015 var hún búin að mjólka í 4,6 ár, að meðaltali 8.457 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,52% sem gefur 298 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,24% sem gefur 359 kg af mjólkurfitu eða 657 kg af verðefnum á ári að jafnaði. Línulegt mat fyrir hæð = 8.

Ábendingar v/skyldleika: Voða ætti ekki að nota á dætur eða sonardætur Laska 00010. Voði er nokkuð skyldur afkomendum Smells 92028, Soldáns 95010, Stígs 97010 og Bauta 05002.

Nafn og nr. móður: **Skriða 536**

KYNBÓTAMAT

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
112	102	106	107	102

ÚTLITSDÓMUR

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
87	17	16	19	5

GRUNDI 14088

(1526091-1929)



Frá Grund, Eyjafirði

Fæddur 25. desember 2014

Ræktandi Ljósaborg ehf.

FÖÐURÆTT

F **Toppur 07046**
 Ff Hersir 97033
 Fm Toppa 276, Kotlaugum
 Fff Þyrnir 89001
 Ffm Rifa 256, Birtingaholti 4
 Fmf Punktur 94032
 Fmm Tugga 160, Kotlaugum

MÓÐURÆTT

M Sif 1497
 Mf Framherji 07022
 Mm Ró 1092
 Mff Fróði 96028
 Mfm Framtíð 225, Bakka
 Mmf Pési 03104
 Mmm 038

LÝSING/UMSÖGN

Rauðbaugóttur, kollóttur. Ágætlega boldjúpur og útlögugóður með aðeins veika yfirlínu. Malir fremur grannar, þaklaga en beinar. Bein, rétt og mjög sterkleg fótstaða. Háfættur, sterkbyggður og ræktarlegur gripur. Meðalvaxtarhraði 731 g/dag.

UMSÖGN UM MÓÐUR

Sif 1497 er fædd í október 2009. Dökkkolótt, kollótt. Í árslok 2015 var hún búin að mjólka í 4,1 ár, að meðaltali 6.646 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,40% sem gefur 226 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,93% sem gefur 261 kg af mjólkurfitu eða 487 kg af verðefnum á ári að jafnaði. Línulegt mat fyrir hæð = 6.

Ábendingar v/skyldleika: Grunda ætti ekki að nota á dætur eða sonardætur Hersis 97033 eða Framherja 07022. Grundi er nokkuð skyldur afkomendum Þyrnis 89001, Punktis 94032 og Fróða 96028.

Nafn og nr. móður: **Sif 1497**

KYNBÓTAMAT

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
106	105	111	106	107

ÚTLITSDÓMUR

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
85	16	17	19	5